

Ár 2015, fimmtudaginn 2. júlí kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþór H. Ólafssonar og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála frá 25. júní 2015.**
Með bréfinu fylgdi kæra frá ábúendum að Friðarstöðum vegna ákvörðunar Hveragerðisbæjar um álagningu dagsekta.
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra í samráði við lögfræðing bæjarins að svara erindinu.
- 1.2. **Orkustofnun frá 26. júní 2015.**
Í bréfinu óskar Orkustofnun eftir umsögn Hveragerðisbæjar við umsókn Iceland Resources ehf um leyfi til leitar og rannsókna á málum norðan við Hveragerði.
Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar hjá skipulags- og mannvirkjanefnd.
- 1.3. **Hallgrími Óskarssyni f.h. Lögmenn Suðurlandi frá 26. júní 2015.**
Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti á fasteigninni Austurmörk 20 fast nr. 220-9844.
Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti af fasteigninni Austurmörk 20, fast.nr 220-9844 matsluta 02-01-01.
- 1.4. **Handverk og Hugvit undir Hamri frá 19. júní 2015.**
Í bréfinu óskar Handverk og hugvit undir Hamri eftir að fá afnot af gamla skólanum norð- vesturhluta á fyrstu hæð sem samastað fyrir félagið.
Bæjarráð samþykkir erindið og felur bæjarstjóra að ganga frá samningi við bréfitara.

2. Fjárhagsleg málefni:

- 2.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ Listamannasamfélagið í Hveragerði.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 25. júní 2015 vegna heimildarmyndar um listamannasamfélagið í Hveragerði. Með minnisblaðinu fylgdi greinargerð um heimildarmyndina.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2011 að styrkja handritagerð vegna þessara heimildarmyndar.

3. Fundargerðir:

- 3.1. **Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna frá 23. júní 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Verkfundagerðir:

- 4.1. **Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 24. júní 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. **Stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 9. júní 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:13

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)